

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlapings - 186 (22.6.2026) - Umsókn um frávik frá skipulagsskilmálum, Álfagata 5

Málsnúmer : 202606092
Málsaðili : Sólmundur Oddsson
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 22.06.2026

Inngangur : Fyrir liggur umsókn um heimild til að víkja frá skipulagsskilmálum vegna byggingaráforma á íbúðarhúsalóð við Álfagötu 5 (L224160) í landi Unalækjar á Völlum. Fyrirhuguð áform gera ráð fyrir byggingu tveggja 40 fm frístundahúsa utan skilgreind byggingarreits.

Niðurstaða : Eftirfarandi tillaga lögð fram:
Umhverfis- og framkvæmdaráð fellst ekki á fyrirbyggjandi beiðni. Heimildir deiliskipulags gera ráð fyrir að hægt sé að reisa 3 frístundahús á lóðinni, til viðbótar við íbúðarhús og bílskúr sem fyrir er, og samkvæmt fyrirbyggjandi uppdráttum er nægt rými innan skilgreinds byggingarreits til þeirrar uppbyggingar.

Umhverfis- og framkvæmdaráð bendir hins vegar á að frávik sem þessi frá skipulagsskilmálum, bygging utan byggingarreits, kalli á óverulega breytingu á deiliskipulagi og beinir því til málsaðila að leggja fram tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir viðkomandi lóð, Álfagötu 5 (L224160), fyrir ráðið að nýju.

Samþykkt samhljóða.